

17. desember 2020



Frumvarp til fjárlaga ársins 2022

Kynning fyrir fjárlaganefnd Alþingis vegna
breytingartillagna ríkisstjórnar við 2. umræðu

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Stefnumörkun um opinber fjármál

Stefnumörkun um opinber fjármál sem birtist í nýrri fjármálastefnu gerir kröfu um að haldið verði aftur af útgjaldavexti á komandi misserum þannig að unnt verði að bæta afkomu ríkissjóðs. Slík útgjaldapróun samrýmst einnig stöðugleika í hagkerfinu og gerir peningastefnunni auðveldara fyrir. Þar fara saman grunnildir laga um opinber fjármál um stöðugleika og sjálfbærni.

Mikilvægt er að ákvarðanataka um afkomu ríkissjóðs árið 2022 hviki sem minnst frá þeirri stöðu sem kynnt hefur verið í fjárlagafrumvarpi.

Við undirbúning tillagna fyrir fjárlaganefnd hefur verið haft hliðsjón af eftirfarandi:

Í fyrsta lagi hafa útgjöld ríkissjóðs aukist verulega á síðustu árum. Miðað við forsendur fjárlagafrumvarpsins er áætlað að frá 2017 til 2022 aukist rammasett útgjöld um 30% eða ríflega 220 ma.kr. að raunvirði (eins og er fjallað um kafla 5.2 í fjárlagafrumvarpi 2022).

Í öðru lagi þá er bent á að ráðuneytin hafa svigrúm til þess að mæta afmörkuðum verkefnum eða útgjaldaauka á næsta ári með nýtingu á varasjóði málaflokka. Uppsöfnuð heimild fyrri ára sem líklegt er að verði færð til ársins 2022 nemur um 2,5 ma.kr. Þá er í fjárlagafrumvarpi ársins 2022 gert ráð fyrir nýjum heimildum á varasjóði málaflokka sem nema rúmlega 1,3 ma.kr. Líklega verða því um 3,9 ma.kr. á varasjóðum málaflokka sem hægt verður að nýta á næsta ári til þess að mæta útgjöldum.



Afkomu- og skuldahorfur 2022 - 2. umr.

Afkoman lækkar um 0,3% af VLF. Samsvarandi breyting er á skuldum að viðbættum öðrum breytingum á sjóðstreymi.

Þjóðhagsgrunnur	ma.kr.			% af VLF		
	Frumvarp 2022	2. umr.	br.	Frumvarp 2022	2. umr.	br.
Frumtekjur	945,0	946,2	1,3	26,5	26,5	0,0
Frumgjöld	1.056,7	1.069,8	13,1	29,6	30,0	0,4
Frumjöfnuður	-111,7	-123,6	-11,9	-3,1	-3,5	-0,3
Vaxtatekjur	10,5	12,4	1,9	0,3	0,3	0,1
Vaxtagjöld	67,3	67,3	0,0	1,9	1,9	0,0
Vaxtajöfnuður	-56,8	-54,9	1,9	-1,6	-1,5	0,1
Heildartekjur	955,4	958,7	3,2	26,8	26,9	0,1
Heildargjöld	1.124,0	1.137,1	13,1	31,5	31,9	0,4
Heildarjöfnuður	-168,5	-178,5	-9,9	-4,7	-5,0	-0,3
Skuldir skv. skuldareglu ¹	1.200,6	1.212,4	11,8	33,7	34,0	0,3

Afkoma verður í halla um 5% af VLF og skuldir skv. skuldareglu verða um 34% af VLF

¹ Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádragnum sjóðum og bankainnstæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.



Tekjuhlið við 2. umræðu

Endurmetin tekjuáætlun hækkar um 3,2 ma.kr.

Áætluð veiðigjöld hækka um 1,3 ma.kr. Breytingin kemur til vegna uppfærslu á útreikningi veiðigjalds og er í samræmi við tillögur Skattsins um álagningu veiðigjalda og uppfærða spá um heildarafla ársins 2022.

Tekjur lækka um tæplega 0,7 ma.kr. vegna niðurfellingar á gistináttagjaldi sem gert er ráð fyrir í frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2022 (þingskjal 3).

Þá er gert ráð fyrir um 2 ma.kr. hækkun vaxtatekna vegna greiðslna frá nýju félagi um fasteignir Háskóla Íslands, en þessar vaxtatekjur veða á móti samsvarandi breytingu á útgjöldum vegna framlaga til félagsins sem lögð er til við 2. umræðu og hafa því ekki áhrif á afkomu. Til viðbótar er gert ráð fyrir hækkun á stimpilgjöldum vegna viðskipta með fasteignir í tengslum við framangreindar breytingar um 0,4 ma.kr.

Tekjur af jöfnunargjaldi vegna dreifingar raforku hækka um 0,2 ma.kr.



Lagt er til að fjárheimildir aukist um 13,1 ma.kr.

Skipting útgjaldatillagna við 2. umræðu eftir málefnasviðum, ma.kr.

13.146,7


Tillögur m.kr.

9.389,7

Rammasett útgjöld

3.757,0

Undanskildir liðir





Útgjaldahlið við 2. umræðu Fjárheimildir aukast um 13,1 ma.kr.

Útgjaldahlið ríkissjóðs skv. fjárlagafrumvarpi ársins 2022 er í meginatriðum í samræmi við fjármálaáætlunina 2022-2026, að viðbættum breytingum til þess að mæta tilteknum og afmörkuðum umframútgjöldum og fjármagna brýn mál sem fram hafa komið frá vinnslu fjármálaáætlunarinnar og samþykkt hafa verið í ríkisstjórn.

- Eftir framlagningu á frumvarpinu hafa komið fram nokkrir frekari **veikleikar** í áætlanagerðinni sem lagt er til að taka tillit til við aðra umræðu frumvarpsins.
- Þá er fyrirhugað að gert verði ráð fyrir **afmörkuðum málum** og talið er að koma þurfi til framkvæmda á árinu 2022.
- Loks er gert ráð fyrir **tæknilegum málum**, s.s. breytingum á hagrænni skiptingu og millifærslum sem ekki fela í sér aukin útgjöld.



Breyting frá frumvarpi 2022

1,1% hækkun frá fjárlagafrumvarpi

<u>Rekstrargrunnur</u>	<u>m.kr.</u>
Frumvarp til fjárlaga 2022	1.203.528
Tillögur við 2. umr.	13.147
Heildarútgjöld málefnasviða	1.216.674



Yfirlit yfir nokkur útgjaldamál

1,1% hækkun frá fjárlagafrumvarpi

<u>Samantekt</u>	<u>m.kr.</u>
Atvinnuleysistryggingasjóður: Ráðningarstyrkir	3.400
Háskóli Íslands: Aukinn kostnaður vegna markaðsleigu á húsnæði	1.935
Fæðingarorlofssjóður: Aukning v. fjölda fæðinga og orlofstöku feðra	1.627
Endurgreiðslur vegna rannsóknar- og þróunar. Uppfærð áætlun.	1.259
Betri vinnutími í vaktavinnu: Hjúkrunarheimili á daggjöldum hjá SÍ	1.200
Stuðningur við rekstraraðila í veitingaþjónustu	1.000
Rekstur hjúkrunarheimila: Styrking rekstrargrunns	1.000
Sjúkrahúspjónusta: Ófyrirséður kostnaður vegna heimsfaraldurs	849
Stuðningur til bænda vegna mikillar verðhækkunar á áburði	700
Breytt skipan Stjórnarráðsins: laun, húsnæðiskostnaður og búnaður	450
Breyting á skerðingarhlutfalli örorkulífeyris.	450
Hækkun atvinnuleysisbóta vegna framfærsluskyldu gagnvart börnum ...	245
Aukin tímabundin framlög til NPA	220
Saman í sókn - framhald markaðsátaks erlendis í ferðaþjónustu	200
Löggæsla: Aðgerðir gegn kynferðisbrotum	200



Helstu útgjaldatílefni

- 3,4 ma.kr. hækkun á áætlun vegna átaksins Hefjum störf
- 1,6 ma.kr. hækkun á áætlun fæðingarorlofssjóðs vegna fjölda fæðinga og aukinnar fæðingarorlofstöku feðra
- 1,3 ma.kr. hækkun á áætluðum útgjöldum vegna endurgreiðslna vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar
- 1,2 ma.kr. hækkun vegna betri vinnutíma vaktavinnufólks
- 1 ma.kr. hækkun til að styrkja rekstrargrunn hjúkrunarheimila



Helstu útgjaldatílefni

- 1,9 ma.kr. hækkun vegna innleiðingar markaðsleigu hjá Háskóla Íslands en þar er gert ráð fyrir samsvarandi vaxtatekjum til ríkissjóðs á móti þannig að aðgerðin hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.
- 220 m.kr. framlag til að standa undir skuldbindingum vegna NPA-samninga.
- 200 m.kr. hækkun til að mæta aðgerðum gegn kynferðisbrotum.
- 100 m.kr. hækkun til íþróttá- og tómsundastyrkja til barna á tekjulágum heimilum og 80 m.kr. framlag til geðheilbrigðismála.



Breyting á heimildaákvæði

Gerð er tillaga að breytingu á 5. gr.

- Að endurlána allt að 3.500 m.kr. til Fasteigna Háskóla Íslands ehf., sem er fasteignafélag í eigu ríkissjóðs sem fer með eignarhald og umsýslu á þeim fasteignum sem Háskóli Íslands nýtir í starfsemi sinni.
- Breytingin er vegna eignaumsýslu Fasteigna Háskóla Íslands ehf. sem komið var á fót af hálfu ríkissjóðs til að fara með eignarhald og miðlæga umsýslu á þeim fasteignum sem Háskóli Íslands nýtir í starfsemi sinni. Lánaheimildarinnar er aflað til að félagið geti fjármagnað endurbætur á fasteignum sem ríkið færði til félagsins og staðið undir kostnaði vegna yfirfærslu eigna til félagsins frá ríkissjóði.



Áhrif á jafnrétti kynjanna

Meiri hluti ráðstafana sem hér eru lagðar til var metinn með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar, að frátöldum tæknilegum tillögum.

Lagt var mat á hvort ráðstafanir væru líklegar til að **stuðla að jafnrétti** kynjanna, **viðhalda óbreyttu ástandi** á stöðu kynjanna eða **auka kynjamisrétti eða kynjabil**.

Stærsti hluti tillagnanna er talinn **viðhalda óbreyttu ástandi**, þar eru umfangsmestar:

- Framlag vegna ráðningarstyrkja sem falla til á árinu 2022.
- Aukin fjárheimild í endurgreiðslur rannsóknar- og þróunarkostnaðar vegna uppfærðrar áætlunar á útgjöldum ársins.
- Viðbótarfjárveiting til almennrar sjúkrahúspjónustu vegna ófyrirséðs kostnaðar vegna heimsfaraldurs.

Stór hluti er talinn **stuðla að jafnrétti kynjanna**, umfangsmestu tillögurnar eru:

- Framlags til fæðingarorlofssjóðs.
- Aukið fjármagn vegna betri vinnutíma í vaktavinnu á hjúkrunarheimilum.
- Styrking rekstrargrunns hjúkrunarheimila.

Einnig má nefna varanlega aukna fjármögnun til aðgerða um meðferð kynferðisbrota.



Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið